



Íslandsmeistararnir fagna sigrinum. Ljósmynd: MummiLú.

## Hamar eru handhafar allra titlanna í blaki karla á Íslandi

Hamarsmenn eru Íslandsmeistarar í blaki karla eftir 3-1 sigur á Aftureldingu í Hveragerði í síðustu viku.

Hamarsmenn unnu fyrstu hrinuna örugglega 25-16. Í annari hrinu voru uppgjafirnar ekki að hitta hjá heimamönnum og náði Afturelding að kreista fram 25-23 sigur og jafna leikinn. Eftir það var ekki aftur snúið og Hamarsmenn unnu þriðju hrinu örugglega 25-17 og þá fjórðu 25-21.

Hamar er því handhafi allra titlanna í blaki karla, Íslands-, deildar- og bikarmeistarar og meistarar meistaranna.

## Sindratorfæran á laugardag – skemmtun fyrir alla fjölskylduna

Sindratorfæran fer fram næsta laugardag, þann 11. maí, á Hellu. 30 keppendur eru skráðir til leiks í 2 flokkum. Hafa þeir nýtt tímann vel í vetur, smíðað nýja bíla og lagfært þá eldri. Meðal keppenda er Íslandsmeistarinn og sigurvegarinn frá því í fyrra, Skúli Kristjánsson, á Simba. Skúli var sigursæll í fyrra og var á palli í flestum keppnum sumarsins.

Margir úr keppendahópnum hafa keppt í torfæru í fjölda ára og nokkrir að koma til baka eftir nokkurt hlé. Þeirra á með fyrrum Íslandsmeistarinn Jón Örn Ingileifsson en hann keypti Íslandsmeistarabílinn Heklu og ætlar

sér allt annað en að vera bara með. Nokkrir keppenda eru að keppa í fyrsta sinn og verður gaman að sjá hvort þeir nái að elta þá reyndari.

### Ekki fleiri keppendur í 18 ár

Fara þarf aftur til ársins 2006 til þess að sjá þennan fjölda keppenda skráða til leiks. En mikill uppgangur er í sportinu og sennilega til hátt í 50 bílar á landinu sem eru tilbúnir í keppni.

Það eru Flugbjörgunarsveitin á Hellu og Akstursíþróttanefnd Heklu sem standa að keppninni, sem hefur verið haldin nær óslitið síðan 1973. Keppnis-

svæðið er í Tröllkonugili rétt austan Hellu en þar eru kjör aðstaða fyrir áhorfendur að tilla sér í brekkurnar og fylgjast með þessum 1000 hestafla græjum reyna fyrir sér í sandbrekkum, börðum, fleytingum á ánni og í mýrinni.

Torfæra er skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Síðustu ár hafa um 5000 manns verið á svæðinu og allir haft gaman að því að skoða græjurnar og sjá þær svo takast á við brautirnar. Bein útsending verður frá keppninni á Youtube og Rúv 2 fyrir þá sem ekki komast á staðinn. Auðvelt að finna á youtube með því að leita eftir Sindratorfæran live.



Allar upplýsingar má finna á Facebook-viðburðinum Sindratorfæran 11 maí 2024, sömu leiðis er áhugasömum bent á

Facebook-hópinn Torfæru-áhugamenn, þar sem hægt er að fylgjast með keppendum í undirbúningnum.

## Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

**Arvirkinning**

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirkinning.is

**11 MAÍ 2024** KL. 13-17

# DÁLEIÐSLUDAGURINN

Verður haldinn 11. maí kl. 13-17 á Eyrarvegi 31 á Selfossi

## KYNNINGAR & HÓPDÁLEIÐSLA

Sjá nánar á heimasíðunni: [daleidslufelagid.is](http://daleidslufelagid.is) - eða [daf.is](http://daf.is)



# Skipulagsmál og uppbygging í Árborg



**Bragi Bjarnason**

Formaður bæjarráðs og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



og engar vísbendingar um að eftirspurn sé að dragast saman á næstu árum. Fjárfestar, framkvæmdaaðilar og verktakar á svæðinu eru öflugir og með getu til að byggja hagkvæmt og þannig viðhaldið framboði á nýjum eignum.

### Hvernig getur vöxturinn gengið upp?

Að teknu tillit til þessara lykilkáttanna geta bæjaryfirvöld tengt þá saman sem verður til þess að vöxturinn verði stöðugur, skynsamlegur og staðist fjárhagslega. Þar skipta upplýsingar frá öllum fagsviðum sveitarfélagsins máli til að bæjarstjórn hafi sem best gögn við ákvarðanatöku og stefnumörkun.

Sveitarfélög þurfa flest að styrkja sína tekjustofna til að standa undir daglegri þjónustu sem og uppbyggingu mikilvægra innviða. Þar hefur m.a. verið horft til svokallaðs „byggingarréttargjalds“ sem greitt er til sveitarfélagsins í samræmi við byggingarheimildir á lóð. Slíkt gjald á að nýtast til fjárfestingar í innviðum. Mörg sveitarfélög hafa nýtt sér slíkt gjald á undanföllum árum líkt og Árborg gerir nú.

Samskipti sveitarfélagsins við framkvæmdaraðila er einnig mikilvægur þáttur. Þegar skipulögð eru stærri uppbyggingarverkefni þurfa bæði sveitarfélagið og framkvæmdaraðilinn að ganga í takt varðandi framkvæmdahraða, áfangaskiptingu og fleira. Huga þarf jafnframt að því að sveitarfélagið geti mætt þörfum um innviði og þjónustu, svo sem leik- og grunnskóla, heitt vatn og fleira í þeim dúr. Með skynsemi í rekstri að leiðarljósi eignum við betur með að sinna slíkri þörf.

Það eru spennandi tímar áfram í Sveitarfélaginu Árborg og lykilafríð að vel sé á málum haldið. Okkur eru allir vegir færir og hef ég óbilandi trú á samfélaginu okkar og uppbyggingu þess til framtíðar.

Uppbyggingin í Sveitarfélaginu Árborg hefur verið með ótrúlegu móti undanfarin ár og haft töluverð áhrif á samfélagið. Í því samhengi ber að horfa til bæði jákvæðra og neikvæðra áhrifa enda skiptir miklu máli í vaxandi samfélagi að skipulag og framtíðarsýn sé til staðar sem styður við slíkan vöxt.

Á meðal þátta sem þarf að horfa til eru:

- Landrými til uppbyggingar
- Skipulag á landi og stefna bæjaryfirvalda gagnvart aðal- og deiliskipulagi
- Fjármunir til innviðauppbyggingar
- Eftirspurn eftir húsnæði á umræddu svæði og geta markaðarins til að mæta henni

### Hvers má vænta?


Það eru ákveðin forrétindi fyrir Sveitarfélagið Árborg að vera í þeirri stöðu að þrátt fyrir háa vexti og verðbólgu sé áhugi til uppbyggingar eins mikill og raun ber vitni. Trú fjárfesta á svæðinu er til staðar sem fyrr, og sést best á áhuga í nýlegum útböðum lóða til uppbyggingar. Er þar fyrst og fremst um að ræða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis en áhugi fyrirtækja til uppbyggingar atvinnustarfsemi hefur vaxið samhliða. Miðbærinn heldur áfram að byggjast upp, ný fyrirtæki hafa bæst í flöru svæðisins, nokkur hafa stækkað við sig og mörg áhugaverð verkefni í farvatninu.

Þegar horft er til uppbyggingu íbúða og þróunar íbúafjölgunar þarf að líta til fleiri þátta en prósentufjölgunar á ári hverju. Það er auðvelt að leggja fram áætlun um einhverja prósentu íbúafjölgunar á ári en ef aðrar áætlanir og framtíðarsýn bæjarstjórnar styður ekki við þá tölu getur enda illa gagnvart innviðum og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

### Hvernig passar þetta Árborg?

Innan Árborgar er nægt landrými við alla þéttbýliskjarna sem styður við vöxt þeirra til framtíðar. Uppbygging á nokkrum svæðum í útjaðri Selfoss stendur yfir eða fyrir dyrum og til stendur að bjóða út nýjar götur á Stokkseyri og Eyrarbakka á þessu ári. Stefna D-listans er að uppbygging sé jöfn, stöðug og skynsamleg og taki mið af innviðum samfélagsins. Ef áætlanir sveitarfélagsins ganga eftir næstu 7-10 ár má búast við uppbyggingu um 2500 - 3000 íbúða auk fjölbreyttrar atvinnustarfsemi. Mynd að neðan úr húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2024-2033 sýnir mögulega íbúðarþróun og fjölda íbúða út frá lág-, mið- eða háspá ef tekið er mið af forsendum í dag.

Samræmi þarf að vera í skipulagsmálum, fjárhag og rekstri og annarri þjónustu sveitarfélagsins til að minnka hættu á að þjónusta skerðist eða skuldasöfnun verði óbærileg vegna uppbyggingar innviða. Fasteignamarkaður hefur verið mjög virkur í Árborg og nærliggjandi sveitarfélögum



Mannfjöldaspá. Húsnæðisáætlun Sveitarfélagsins Árborgar 2024-2033.

**Ert þú með eitthvað af eftirfarandi:**

- Kviða ■ Meðvirkni
- Preytnu og eða orkuleysi
- Brotin sjálfsmynd
- Glímur við erfiðleika fortíðar
- Streita ■ Vefjagigt
- Óútskýrðir verkir
- Krónískir verkir

**Ég hef unnið og starfað með andleg og líkamleg áföll í áratugi.**

**Nánari upplýsingar í síma 835 8555**  
*Svandís Birkisdóttir*

**Sendibílar á Suðurlandi**

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónustu**  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - [keyrsla@keyrsla.is](mailto:keyrsla@keyrsla.is) - [www.keyrsla.is](http://www.keyrsla.is) - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla)





**GG TRÉ**  
BYGGIR TIL FRAMTÍÐAR

**Til sölu 68,5 fm iðnaðarbil til afhendingar strax, að Breiðumýri 3, Selfossi**

Allar nánari upplýsingar veitir Loftur Erlingsson, löggiltur fasteignasali  
S: 896 9565, [loftur@husfasteign.is](mailto:loftur@husfasteign.is)




# ÓDÝRSTA ELDSNEYTIÐ OKKAR Á SELFOSSI



# Sextíu konur úr 22 félögum sóttu ársfund SSK

Ársfundur Sambands sunnlenskra kvenna fór fram á Laugalandi í Holtum 20. apríl sl. í falletgri umgjörð og umsjón Kv. Einingar í Holtum og Lóu í Landsveit. Fundinn sóttu 60 konur úr 22 kvenfélögum. Að venju hófst fundurinn með helgistund í kirkju og var Haga-kirkja fyrir valinu, lagði sr Halldóra Þorvarðardóttir okkur falleg orð til umhugsunar og var það góð byrjun fyrir fundahöld dagsins. Í skýrslu formanns SSK kom fram að vinnustundir í kvenfélögum og stjórn SSK á árinu 2023 voru skráðar 1.398 dagsverk. Gjafir frá kvenfélögum í SSK námu 16.832.848 krónum og úr Sjúkrahússjóði SSK voru gefnar gjafir fyrir 2.232.747 krónum, en fjármunir í Sjúkrahússjóðinn fást með sölu gjafakorta. Heildargjafir frá kvenfélögum og SSK voru 19.065.595 á árinu 2023. Á fundinum var tilnefnd kvenfélagskona ársins 2023 og í ár var það Jóna Heiðbjört Valdimarsdóttir, félagskona í Kv. Einingu í Holtum. Í rökstuðningi sem fylgdi tilnefningunni segir " Líkt og svo margar kvenfélagskonur er Jóna ekki sú sem tranar sér fram eða fer í fylkingarbrjósti í félagsmálum en hún er ein af kjölfestum okkar kvenfélags, alltaf jákvæð og boðin og búin að taka þátt og vera með. Hún er gersemi og okkur ómetanleg".

Á fundinum urðu breytingar í stjórn, en úr stjórn gekk Helga



Frá vinstri: Sólveig Þórðardóttir, formaður SSK, Jóna Heiðbjört Valdimarsdóttir, Kv. Einingu í Holtum og Kvenfélagskona ársins 2023 og Ragnhildur Ragnarsdóttir, formaður Kv. Einingar í Holtum. Mynd: Aðsend.

Baldursdóttir gjaldkeri, Kv. Hraungerðishrepps, í hennar stað var kjörin Andrea Rafnar

í Kv. Biskupstungna, aðrar í stjórn eru Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir ritari, Kv. Sigurvon, Sólveig Þórðardóttir formaður, Kv. Villingaholtshrepps, í varastjórn eru Margrét Guðjónsdóttir Kv. Einingu í Hvollhreppi, Arndís Fannberg Kv. Einingu í Holtum og Jörunn H Jónsdóttir Kv. Selfoss. Á ári hverju, fyrir ársfund gefur SSK út Ársrit, þar sem eru skýrsla stjórnar, reikningar, greinar og fróðleikur og eins og sést í því þá fer fram mjög blómlegt starf hjá öllum kvenfélögum 25 í Árnes- og Rangárvallasýslum og er engan bilbug að finna á kvenfélagskonum. Góð kvenfélagskona er gulli betri.

F.h. stjórnar Sambands sunnlenskra kvenna, Sólveig Þórðardóttir



Ársfundurinn var haldinn á Laugalandi í Holtum. Mynd: Aðsend.



## Sunnlenski matgæðingurinn



Rakel Guðmundsdóttir er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil byrja á því að þakka Röggv vinkonu kærlega fyrir þessa frábæru áskorun og jafnframt fyrir góða uppskrift í síðustu viku - kjúklingasúpa klikkar aldrei.

Þar sem sumarið er nú gengið í garð langar mig að deila með ykkur mínum uppáhalds kjúklingarétti á grillið. Þessi réttur er bæði afskaplega einfaldur og einstaklega bragðgóður.

### Grilluð kjúklingaspjót

1 poki (700-900gr) af úrbeinuðum kjúklingalærum  
150 ml Cay P grillolía original  
150 ml Cay P grillolía Honey

Kjúklingalærin eru skorin í tvo hluta hvert. Grillolíunum er helt í skál og kjúklingalærunum velt upp úr olíunum og látin liggja í marinerungunni í nokkrar klukkustundir, best er að hafa það yfir nótt ef tími gefst til. Kjúklingurinn er síðan þræddur á grillspjót, passlegt að hafa 3-4 hluta á hverju spjóti. Síðan er kjúklingurinn grillaður í nokkrar mínútur á hvorri hlið eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn.

### Ferskt salat

Lambhagasalat eftir smekk  
1 paprika  
1 mangó  
Hálf gúrka  
Vínber  
1/4 gul melóna  
Nokkrir kirsuberjatómatar

Allt skorið niður og blandið saman í skál. Hægt að leika sér eins og maður vill með salatið og velja það sem hverjum finnst gott.

### Meðlæti

Köld hvítlaukssósa (mér finnst þessi frá Bónus langbest)

Ég ætla að skora á vinkonu mína, hjúkrunarfræðinginn og frábæru fótboltamömmuna Margréti Helgu Skúladóttir að koma með einhverja frábæra uppskrift eins og henni einni er lagið.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Sætar franskar kartöflur eða sætar kartöflur í ofni

Mig langar einnig að deila með ykkur dásamlegri uppskrift af eplaköku af betri gerðinni.

### Eplakaka með Mars súkkulaði

4-5 epli  
2 tsk. kanil  
1 msk. sykurl  
3 dl hveiti  
2 dl haframjöl  
1 dl sykurl  
200 g smjör (kalt)  
3-4 Mars súkkulaðistykki

Hitið ofninn í 200°C (undir og yfirhita). Bökunarform eða eldfast mót smurt að innan. Skerið eplin í skífur og setjið í skál, bætið þar úti 2 tsk af kanil og 1 msk af sykri og veltið eplunum uppúr því. Eplunum er síðan raðað í bökunarformið/eldfasta mótið. Marsið er skorið í litla bita og raðað yfir eplin. Næst er hveitinu, haframjölinu, sykrunum og smjörinu blandað saman í skál og hnoðað með höndunum þar til úr verður þétt kúla. Kúlan er síðan mulið yfir eplin.

Bakið í ofni í u.þ.b. 30 mínútur eða þar til deigið er orðið gullinbrúnt. Best er að bera kökuna fram með ís eða rjóma.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, [helga@dfs.is](mailto:helga@dfs.is).

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:  
Páll Jónasson  
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Þúar páfann flugmaðurinn frækni, frá er landi matar, vins og tækni. Mínus einn þá birtist herra hundur, hlý sú flík og algjör happafundur.

Svar við gátu í blaði 2750: **LÝSA** og **LÍSA**

1. Lýsa, fiskur - 3. Farið að lýsa/birta  
4. Lísa í Undralandi



Prentmet Oddi ehf. | Eyraveggi 25, 800 Selfoss  
482 1944 | [selfoss@prentmetoddi.is](mailto:selfoss@prentmetoddi.is)



## Laus úr þoku lípíumeitrunar Sjöfn Har í Hveragerði heldur sína fyrstu einkasýningu í 6 ár

Myndlistarmaðurinn Sjöfn Har mun opna sína fyrstu einkasýningu í 6 ár í sal Sjálfstæðismanna að Mánamörk 1 í Hveragerði laugardaginn 11. maí nk, en hún flutti úr Garðabæ til Hveragerðis árið 2021. Sjöfn er mörgum kunn fyrir myndlist sína sem prýtt hefur fjölmarga sýningastaði víða um heim, meðal annars í miðborg Manhattan í New York fylki. Á sýningunni, sem jafnframt er sölusýning og verður opin frá fimsum á milli kl 14-18, ber að líta fjölbreytt verk sem eru úr einkasafni Sjafnar og ber sýningin heitið Krossgötur, kafað í kisturnar mínar. „Nafnið Krossgötur kom til vegna þess að ég stend á krossgötum, það er nokkuð víst að ég nái ekki aftur að mála eins og ég er þekkt fyrir, þessar löngu strokur, sökum þess að öxlin á málarahendinni laskaðist eftir mikil meiðsl sem ég varð fyrir

síðasta sumar. Ég er sömuleiðis að koma út úr lípíumeitrun sem hefur dregið orkuna mína og sköpunarkraft niður og haldið mér í þoku síðustu 9 ár. Ég var orðin óskrifandi og gat ekki borðað með hníf og gaffli, hvað þá málað, vegna þess hve hendurnar á mér hríðskulfu. Það var loksins gripið inn í þetta ástand af læknum í lok nóvember. Ég er því á batavegi, þokunni er loksins létt, orkan er komin aftur og ég ákvað því að opna kisturnar mínar og halda þessa sýningu,“ segir Sjöfn í samtali við Dagskrána.

„Mig langar líka að þakka Valgærd í Gróðurhúsinu sérstaklega fyrir að ætla að bjóða sýningargestum mínum drykkjarföng við opnunina og sömuleiðis öllum sýningargestum 20% afslátt í Cafe og happy hour á barnum,“ bætir Sjöfn við og brosir sínu breiðasta. HGL

## Bjargvættir Skyndihjálparnámskeið fyrir ungmenni

Þann 12. maí næst komandi mun Rauði Kross Árnessýslu halda á Selfossi skyndihjálparnámskeið ætlað börnum og ungmennum.

Bjargvættir er skyndihjálparnámskeið ætlað börnum og ungmennum frá 12-16 ára (miðað er við fæðingarár). Farið verður í grunnatriði skyndihjálpar og þáttakendur munu öðlast lágmarksfærni í að veita slösuðum eða veikum aðstoð í neyð.

Það ber að nefna að forsenda fyrir námskeiðinu byggist á nægri þáttöku, ef góð ásókn er í námskeiðið kemur vel til greina að halda annað námskeið.

Hægt er að sækja um námskeiðið hér eða [www.raudikrossinn.is](http://www.raudikrossinn.is) undir námskeið og viðburðir.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá [joka@redcross.is](mailto:joka@redcross.is).



## Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar.

Sími 482 1944 - [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is)



## Auglýsing um kjörskrá vegna forsetakosninga



HVERAGERÐISBÆR

Kjörskrá fyrir Hveragerði vegna forsetakosninga sem fram eiga að fara 1. júní 2024 liggur frammi á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20 frá og með 10. maí 2024.

Skrifstofan er opin mánudaga-fimmtudaga kl. 10:00-15:00 og föstudaga kl. 10:00-12:00.

F.h. bæjarstjórnar Hveragerðis,  
Pétur G. Markan, bæjarstjóri

## Framsókn í Árborg

### VÖFFLUKAFFI OG GRILL

Í sal Framsóknar að Eyravegi 15, Selfossi

Laugardaginn

11. MAÍ

11:00 - 13:00

Sigurður Ingi Jóhannsson verður gestur okkar á síðasta vöflukaffi vetrarins laugardaginn 11. maí.

Við ætlum að baka vöflur, grilla pylsur og hafa gaman saman.

Allir velkomnir!



## Viltu vera á skrá? Sumarstörf á Litla-Hrauni og Sogni



Fangelsismálastofnun leitar að áhugasömu fólki til að starfa við fangavörslu sumarið 2024. Opið er fyrir umsóknir á skrá vegna sumarstarfa og haft verður samband við umsækjendur ef störf losna.

Starf fangavarða er fjölbreytt og felst m.a. í leiðsögn og aðstoð við skjólstæðinga, eftirliti, verkstjórn og þátttöku í allri daglegri starfsemi fangelsa. Um er að ræða gefandi en jafnframt krefjandi starf í lifandi starfsumhverfi þar sem engir tveir dagar eru eins.

Fangelsið Litla-Hrauni er lokað fangelsi fyrir karlkyns afplánunarfanga og er staðsett á Eyrarbakka. Fangelsið Sogni eru skilgreint sem opið fangelsi. Það er staðsett í Ölfusi og rekið í nánú samstarfi við Litla-Hraun.

Við leitum að lausnamiðuðum einstaklingum sem geta brugðist skjótt við breytilegum aðstæðum, eru góðir í samskiptum og finnst gaman að vinna með fólki. Um er að ræða bæði störf í dagvinnu og vaktavinnu. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiðsögn og aðstoð við skjólstæðinga
- Eftirlit og verkstjórn
- Þátttaka í allri daglegri starfsemi fangelsa

### Hæfniskröfur

- Góð almenn menntun
- Jákvætt viðhorf og góð færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að bregðast skjótt við breytilegum aðstæðum
- Metnaður, sjálfstæði og stundvísni
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvufærni

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Sameyki hafa gert.

Athygli skal vakin á því að áður en að ráðningu kemur skal umsækjandi, að fengnu samþykki, undirgangast bakgrunnsskoðun skv. 10.gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

Allar umsóknir þurfa að fara rafrænt í gegnum ráðningarkerfi ríkisins.

Það að starfa í fangelsi er góð reynsla og getur verið sérstaklega gefandi viðbót við nám þess sem stefnir t.d. á að starfa sem sálfræðingur, iðjuþjálfari, lögfræðingur, félagsráðgjafi eða hjúkrunarfræðingur. Starfshlutfall er 100% Umsóknarfrestur er til og með 10.06.2024 umsókn berist í gegnum fangelsi.is eða starfatorg.is

### Nánari upplýsingar veitir

Steinunn Bóel Stefánsdóttir,  
steinunnb@fangelsi.is

# Framkvæmdastjóri FIDE heimsótti Fischersetur

Sunnudaginn 5. maí sl. heimsótti Dana Reizniece-Ozola, framkvæmdastjóri FIDE, alþjóða skáksambandsins, Fischer-setur á Selfossi. Dana er frá Lettlandi og varð stórmeistari 2001,

hún fór síðar í stjórnmalin og gerðist meðlimur í stjórnmalahreyfingunni Union of Greens and Farmers. Hún varð viðskiptaráðherra Lettlands 2014-2016 og síðar fjármálaráðherra

2016-2019, en sagði skilið við stjórnmalin er hún gerðist framkvæmdastjóri FIDE árið 2021. Hún og hennar föruneysi komu hingað í tilefni að 100 ára afmæli FIDE sem verður 20. júlí nk.



Gudmundur G. Þórarinnsson, Aldís Sigfúsdóttir, Dana Reizniece-Ozola, Ólafur Bjarnason og Gunnar Björnsson.



Frá hægri: Gudmundur G. Þórarinnsson fyrrum forseti Skáksambands Íslands, Dana Reizniece-Ozola framkvæmdastjóri FIDE og eiginmaður hennar Andris Ozols.



Við skákborðið: Dana Reizniece-Ozola stórmeistari og framkvæmdastjóri FIDE og Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands.

## Tónaferðalag með Söngsveit Hveragerðis

Söngsveit Hveragerðis býður þér í ferðalag. Ímyndaðu þér að þú sitjir í sætinu þínu á tónleikum og hlustir á hvern hljóð.

Þú svifur yfir firði landins, sérð fuglana fljúga, alla liti regnbogans speglast á haffletinum. Alls staðar eru ástfangin pör. Vorilmurinn leynir sér ekki.

Allt í einu ertu komin út fyrir landsteinana þar sem mikil gleði ræður ríkjum. Það klingir í glösnum og allir eru brosandir og hlæjandi. Þú ferðast fram og aftur í tíma á vængjum tónlistarinnar.

Hvað er betra?

Söngsveit Hveragerðis býður upp á þessa veislu á vortónleikum sínum fimmtudagskvöldið 9. maí kl. 20 í Hveragerðiskirkju.

Eins og lesa má á milli línanna hér að ofan er lagavalið fjölbreytt.

Íslenskar og erlendar dægurperlur og söngleikjalög. Allir ættu að fá eitthvað við sitt hæfi.

Meðleikur á pianó er í höndum Esterar Ólafsdóttur. Einnig mun Örlygur Benediktsson spila með okkur í nokkrum lögum á

saxófón og klarinett. Kórstjórnin er svo í höndum Margrétar Stefánsdóttur.

Aðgangseyrir er 3.900 kr. og viljum við taka fram að það er enginn posi en hægt verður að leggja inn á reikning kórsins.

Eftir tónleika bjóðum við tónleikagestum kaffisopa og kleinur.

Allir hjartanlega velkomnir og við hlökkum til að eiga með ykkur ánægjulega stund í sumarbyrjun.





Sími 482 1944  
selfoss@prentmetoddi.is  
prentmetoddi.is  
Eyravegur 25, Selfoss

# AÐALFUNDUR BÁRUNNAR, STÉTTARFÉLAGS

# 20 24



Miðvikudaginn  
15. maí



18:00 - 20:00



Tryggvaskála,  
Selfossi

Við bjóðum öllum félagsmönnum okkar til að mæta á aðalfund félagsins. Farið verður yfir síðastliðið ár, aðalfundarstörf ásamt spennandi erindi. Við þökkum félögum fyrir annað frábært ár í okkar ört stækkandi félagi, hlökkum til að sjá sem flesta.

## Dagskrá:

- Hefóbundin aðalfundarstörf
- Breyting á regulegró sjúkrasjóðs
- Önnur Mál
- Erindi: Öruggara Suðurland

Arndís Soffía Sigurðardóttir kynnir fyrir okkur verkefnið Öruggara Suðurland.

Veitingar í boði fyrir fundarmenn



## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga 1. júní 2024



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga 1. júní 2024 er hafin. Hægt verður að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00.

### Skrifstofur embættisins eru á eftirtöldum stöðum:

- Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði
- Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal
- Austurvegi 6, Hvalsveili
- Hörðuvöllum 1, Selfossi

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

### Atkvæðagreiðsla í heimahúsi

Ef kjósendi getur ekki kosið á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar er heimilt að kjósa í heimahúsi. Beiðni þess efnis, sem studd skal vottorði lögráða einstaklings um hagi kjósanda, skal berast embættinu fyrir kl. 10:00 fimmtudaginn 30. maí n.k. Mælst er til þess að beiðni þessa efnis berist embættinu án ástæðulauss dráttar. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu Landskjörstjórnar, www.kosning.is og óskast það sent á netfangið sudurland@syslumenn.is eða lagt inn á einhverri af skrifstofum embættisins.

### Ábyrgð á atkvæði

Athygli er vakin á því að kjósendi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra í umdæmi sýslumanns þar sem hann á ekki lögheimili. Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósendinn er á kjörskrá.

Hægt verður að kjósa víðar en á sýsluskrifstofum innan umdæmisins og verða kjörstaðir nánar auglýstir síðar á vefsíðunni www.kosning.is og í héraðsfréttablaðum en ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna komandi kosninga má nálgast á sömu vefsíðu.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Breytingar á samdægursþjónustu Heilsugæslunnar á Selfossi

Frá og með 6. maí næstkomandi mun opin dagvakt loka en hægt verður að bóka erindi sem þarfnast samdægursþjónustu í gegnum 1700. Aðrar tímabókanir fara í gegnum 432-2000 eða heilsuveru.

# 1700

Í neyðartilfellum hringið í 112

## Sumarstarf í mótuneyti á Litla-Hrauni



Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna í mótuneytinu okkar á Litla-Hrauni í sumar.

Litla-Hraun er lokað fangelsi fyrir karlkyns afplánunarfanga og er staðsett á Eyrarbakka. Mótuneytið býður upp á fjölbreyttan mat fyrir starfsfólk og fanga sem eldaður er frá grunni.

Um er að ræða 60% starf og unnið er á 6 tíma dag- og helgarvöktum. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára eða eldri

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Aðstoð við matseld
- Uppvask og þrif
- Undirbúningur og frágangur
- Móttaka á vörum og ganga frá á lager

### Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Skipulagshæfni, stundvísi og vandvirkni

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Báran, stéttarfélag hafa gert.

Athygli skal vakin á því að áður en að ráðningu kemur skal umsækjandi, að fengnu samþykki hans, undirgangast bakgrunnsskoðun skv. 10. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Starfshlutfall er 60% Umsóknarfrestur er til og með 21.05.2024 umsókn berist í gegnum fangelsi.is eða starfatorg.is

### Nánari upplýsingar veitir

Halldór Valur Pálsson, HalldorValur@fangelsi.is



Elsku þið sem heiðruðu minningu okkar yndislegu

### Kolbrúnar Línadal Hauksdóttir

Jórutúni 8 Selfossi,  
áður búsett á Blönduósi og Sauðárkróki,



með hlýjum faðmlögum, fallegum orðum og góðum gjöfum til Krabbameinsfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði þökkum við af heilum hug. Megi allar góðar vættir fylgja ykkur um ókomin ár.

#### Brynjólfur Dan

#### Lára Bogey Finnbogadóttir

Ragnheiður Brynjólfssdóttir Próstur Heiðar Erlingsson  
Emil Dan Brynjólfsson Heiðrún Ósk Jakobínudóttir  
Brynjólfur Birkir, Kolbrún Birna Jökulrós, Þórkatla Björt Sumarrós, Hallgerður Harpa Vetarrós, Ísleifur Eldur, Völundur Galdur, Árni Ragnar Dan og Inga Bryndís Dan

# Bekkjarþjófar á Selfossi

Skógræktarfélag Selfoss, auglýsti í síðustu viku eftir sambyggðum bekk og borði sem virðist hafa verið stolið úr Hellisskógi um liðna helgi. Bekkurinn, sem staðsettur var við stíg á bökkum Ölfusár neðan við Hellisgil, var þar á laugardag og óskað er eftir upplýsingum frá gestum svæðisins um hvort hann hafi verið á sínum stað á sunnudag.

Auk þess að hafa verið boltaður var við steinhellur og festur með jarnteinum ofan í jörðina, er bekkurinn ansi fyrirferðarmikill og nokkuð ljóst að hann hefur ekki verið fjarlægður



nema á stórru kerru eða pallbíl og eru vegfarendur sem gætu hafa séð til bekkjarins á ferð

síðustu daga beðnir um að hafa samband við Skógræktarfélag Selfoss á Facebook.

# Af draugum að fornu og nýju

Áður fyrr tröllriðu afturgöngur, draugar og aðrar óvættir íslensku samfélagi. Ætli afturgangur Glámur sem segir frá í Grettis sögu sé ekki eitt þessara elstu fyrirbrigða og þá eru þjóðsögurnar einkum sem eru kenndar við Jón Árnason sem segja frá ótal draugum og afturgöngum. Síðan hefur þetta tröllriðið íslensku samfélagi og sum þessara fyrirbæra orðið nokkuð langlíf eins og Írafells-Móri. Hann er sagður hafa fylgt allmörgum kynslóðum fjölskyldu í Kjós og sagt er hafi fylgt einum sem fluttist til Vesturheims undir lok 19. aldar.

Oft var markmið þessara óvætta að valda ama, óskunda og hrekkjum sem öðrum óþægindum.

Sagt er að rafmagnnið hafi átt sinn þátt í að koma mest af þessu fyrir kattarnef frá og með 20. öldinni enda hefur trú á drauga og afturgöngur dregist verulega saman nema ef vera kann á Draugasetrinu á Stokkseyri þar sem kappkostað er að viðhalda þessu og minnst sem best.

Eitt er það fyrirbæri sem telja má vera náskyld til þessa og það er íslenska krónan. Að hætti



formra afturgangna og drauga fortíðarinnar hefur hún átt sinn þátt í að valda venjulegu fólki á Íslandi verulegum vandræðum. Heil atvinnugrein líður fyrir að hér sé viðskiptaumhverfi þar sem reynir á tvo mismunandi gjaldmiðla en það er ferðaþjónustan sem smám saman er að verða áhugaverðasta atvinnugrein landsins. En að reka fyrirtæki með tveim mismunandi gjaldmiðlum er ekki alltaf auðvelt. Ferðaþjónustan verður að áætla tekjur sínar fyrirfrak um nokkur ár og þá í erlendum gjaldmiðli sem allt í einu kann að verða verðminni að ári eins og stundum hefur gerst þegar íslenska krónan sækir í sig veðrið. Mest öll útgjöld eru hins vegar í íslenskum krónum sem telst vera einn af varhugaverðugustu gjaldmiðlum heims eins og oftast hefur reyndin verið. Fiskveiðar og framleiðsla fiskafurða fer aðra leið en ferðaþjónustan en þá er verðlagning vöru ákveðin eftirá og eft hefur verðgildi krón-

unnar verið fellt til hagsbóta fyrir þennan atvinnuveg, gagnstætt hagsmunum ferðaþjónustunnar sem oft þarf að lifa fyrir.

Áleitin spurning er hvort Seðlabankinn sé í dag ekki einhver sú óþarfasta stofnun sem rekin er á Íslandi. Þar starfa um 300 manns ábyggilega mjög vel menntað og vinnufúst. Jón Baldvin Hannibalsson fyrrum ráðherra hefur margsinnist núíð um nasir að þar á bæ sé ekki annað sem starfsfólkið hafi fyrir stafni en að naga býanta frá morgni til kvölds. Vel mætti geta sér til að þetta velmenntaða starfsfólk myndi nýtast betur við önnur störf í þágu annarra atvinnuvega landsmanna en að naga blýanta.

Auðvitað væri hyggilegast að taka upp evru og ganga í Evrópusambandið í þágu allra landsmanna nema þeirra örfárra sem líta á íslensku krónuna sem féþífu. Og hvað mætti gera við Seðlabankann? Ein hugmyndin væri að sameina hann Draugasetrinu á Stokkseyri enda væri íslenska krónan líklega einna best varðveitt þar meðal drauganna og afturgangnanna sem þar eru fyrir.

Guðjón Jenson  
Rithöfundur og eldri borgari í  
Mosfellsbæ  
arnartangi43@gmail.com

## Kerhólsskóli

### Kerhólsskóli auglýsir eftirtaldir stöður skólaárið 2024-2025.



Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur í frá eins árs og upp í. 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðu og drifandi fólki með mikla þekkingu og áhuga á skólastarfi. Í leikskóladeild er unnið eftir hugmyndafræði um „Flæði“.

#### Eftirtaldir stöður eru lausar til umsóknar:

- Umsjónarkennari á yngstastig grunnsk. í teymiskennslu, 100% staða.
- Kennari í leikskóladeild 100% staða.
- Stuðningsfulltrúi í grunnskóladeild 60% staða.
- Skólalíði í grunnskóladeild 60% staða.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

##### Kennarar:

- Leyfisbréf til kennslu
- Frumkvæði og hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar
- Þekking og reynsla af útinámi

##### Allir:

- Mjög góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Góð íslenskukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélag.

Umsókn um störfin skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um. Umsækjendur verða að hafa hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2024. Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólustjóri í síma 480-5520 / 863-0463 og jonabjorg@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is

## Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2024 Flokkstjóri óskast



Bláskógabyggð óskar eftir að ráða flokksstjóra yfir vinnuskóla sveitarfélagsins og umhirðu opinna svæða og tilfallandi umhverfisverkefna sumarið 2024. Aldurstakmark er 20 ár, kröfur eru gerðar um almenn ökuréttindi og hreint sakavottorð. Starfstími er frá lok maí til loka júlí. Möguleiki er á starfi til 20 ágúst. Starfsvæðið er á Laugarvatni, í Laugarási og í Reykholti. Umsóknarfrestur er til 15. maí nk. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Umsóknir berist á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is.

Upplýsingar gefur Kristófer í síma 860-4440 og 480-3000.



**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



## Aðalfundur FOSS

Aðalfundur FOSS verður haldinn, þriðjudaginn 14. maí kl. 19 á Hótel Selfoss.

### Dagskrá fundarins:

- Venjuleg aðalfundastörf
- Önnur mál
- Hapdrætti



Þegar fundi er lokið kemur Birna Rún spuna- og grínleikkona og skemmtir fundargestum.

Boðið verður upp á smárétti á meðan fundi stendur.

**FOSS**

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

Stjórn FOSS

## Vortónleikar

Kirkjukórs Hveragerðis- og Kotstrandarsókna og kirkjukórs Selfosskirkju. **Hveragerðiskirkju fimmtudaginn 16. maí kl. 19:30.**

Þar sem vetrarstarfinu er að ljúka langar okkur að bjóða ykkur að eiga með okkur skemmtilega kvöldstund. Þar ætla kórarnir að sameina krafta sína og syngja inn sumarið.



Sannkölluð tónlistarveisla, kirkjuleg og veraldleg lög frá barokk- og rómantíska tímanum til dagsins í dag. Auk meistaraverka Schuberts, Mozarts og fleiri stórtónskálda, verður hið fræga Hallelúja eftir Cohen flutt, sem og alvöru íslenskar perlu.

**Einsöngur:** Eyjólfur Eyjólfsson  
**Stjórnendur:** Edit Molnár og Miklós Dalmay

Hjartanlega velkomin  
(enginn aðgangseyrir)

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra



**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar skipulagsáforma að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.**

### Galtalækjarskógur L165042 og Merkihvoll L192626. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir jarðirnar Galtalækjarskóg og Merkihvoll í Landsveit. Landnotkunarflokkar sem breytingin nær til og fá breytta lögungu eru þessir: Reitur AF5 (Afbreytingar- og ferðam.sv.) fellur út. Í hans stað kemur nýr reitur F82 Frístundahús. Frístundahúsareitur F43 færast til norðurs. Reitur OPI (Opin svæði) breytist og stækkar umtalsvert. Reitur VP7 (Verslun- og þjónusta) fær jafnframt breytta lögungu. Jafnframt er óskað eftir heimild til deiliskipulagsgerðar þar sem gert verði ráð fyrir allt að 50 frístunda/orlofshúsum á F43 og F82 og alhliða ferða- og gistiþjónustu á VP7 með byggingu allt að 1500 m<sup>2</sup> gistihúss ásamt allt að 50 gistiskálum til útleigu.

### Lerkiholt L195063 og Minna-Hof. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Svæðin sem breytingin nær yfir er annars vegar Meiri-Tunga land L195063 (Lerkiholt) og hins vegar 5 lóðir úr Minna-Hofi á Rangárvöllum. Bæði svæðin eru skilgreind landbúnaðarsvæði og eiga að breytast í íbúðasvæði með möguleika á fastri búsetu og rekstri ferðapjónustu.

### Geitasandur og land úr Geldingalæk. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Svæðin sem breytingin nær til eru Geitasandur (L199603) og Geldingalækur (L164490). Jarðirnar eru samanlagðar um 3476,7 ha að stærð. Varðandi Geitasand er gert ráð fyrir að fella út hluta af skógræktar- og landgræðslusvæði SL5 innan Geitasands (L199603), en heildarstærð svæðisins (SL5) er um 1010 ha og mun allt að þriðjungur þess verði breytt og skilgreint í staðinn sem landbúnaðarsvæði. Um að ræða land í nágrenni svifflugvallarins á Geitamæl. Flugbraut / lendingarstaður FV4 innan svæðisins helst óbreytt. Varðandi Geldingalæk er gert ráð fyrir að breyta landbúnaðarsvæði syðst í landi Geldingalækjar (L164490), svokallað Stórholt í um 140 ha skógræktar- og landgræðslusvæði.

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt sameiginleg lýsing skipulagsáætlunar að breytingu á landnotkun og deiliskipulags:**

### Norður Nýibær. Breyting á landnotkun og skilgreiningu VP23 í aðalskipulagi.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytingar á landnotkun fyrir lóðina Norður Nýjabæ í Þykkvabæ. Fyrirhugað er að stækka verslunar og þjónustusvæðið VP23. Gert er ráð fyrir stækkun núverandi hótellbyggingar í allt að 5000m<sup>2</sup>, á allt að 3 hæðum. Innan verslunar og þjónustusvæðisins verður eining gert ráð fyrir

hreinlegri iðnaðarstarfsemi s.s. smíðaverkstæði. Fyrirhugað er að heimila stækkun núverandi aðstöðu í allt 1500 m<sup>2</sup>. Heimiluð verði föst búsetu innan svæðis í allt 12 litlum íbúðum. Í rað -og/eða parhúsum. Gert verður ráð fyrir nýju íbúðarsvæði með allt að 3 íbúðarhúsalóðum á L219861 Norður Nýibær lóð. Gert verður ráð fyrir allt að þremur nýjum aðkomuvegum inn á skipulagssvæðið.

**Lýsingarnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, [www.ry.is](http://www.ry.is). Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)**

**Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 23. maí nk.**

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum**

### Jarlsstaðir, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frá 26.3.2020 fyrir Jarlsstaði, þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, hesthúss og skemmu, verði breytt. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að mörk deiliskipulagssvæðis og lóðamörk lóða breytist. Lóðamörk lóða 1 sem áður teygði sig til norðausturs meðfram ánni breytast. Lóðin stytst til norðausturs meðfram ánni en í staðinn stækkar lóðin til norðausturs að aðkomuvegi svæðisins. Lóðastærð er óbreytt. Lóðamörk lóða 2 breytast lóðin minnkar úr 11,44 ha í 8,30 ha. Mörk skipulagssvæðis breytist til samræmis við breytta lóð og nær til lóða 1 og 2. Að öðru leyti gilda eldri deiliskipulagsskilmálar

### Efra-Sel 3C, deiliskipulag (Endurauglýsing)

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Austursel, spildu úr Efra-Seli. Breyting á aðalskipulagi þar sem gerð var breyting á landnotkun hefur tekið gildi með auglýsingu í B-deild. Deiliskipulagið mun gera ráð fyrir byggingu íbúðarhúss ásamt tilheyrandi uppbyggingu. Tillaga var auglýst frá og með 4. janúar 2023 til og með 15. febrúar 2023. Aðkoma er af Bjallavegi (272) og umferðarréttur um aðkomuveg sem liggur um lóðina. Vegna tímamarka í skipulagsreglugerð þarf að fjalla um tillöguna að nýju.

**Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, [www.ry.is](http://www.ry.is). Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)**

**Frestur til að skila inn athugasemdum er til 20. júní 2024.**

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti [birgir@ry.is](mailto:birgir@ry.is)

**Haraldur Birgir Haraldsson**  
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

## Framlagning kjörskrár vegna forsetakosninga 1. júní 2024



Kjörskrá, vegna forsetakosninga þann 1. júní 2024 verður lögð fram þann 11. maí 2024, kjörskráin liggur frammi á skrifstofu Bláskóga-byggðar öllum almenningi til sýnis á almennum skrifstofutíma. Almennur skrifstofutími er frá mánudegi til fimmtudags kl. 8:30 til 16:00 og á föstudögum frá kl. 8:30 til 12:30.

Einnig er hægt að nálgast upplýsingar með því að skrá eftirfarandi slóð <https://www.skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/forsetakosningar/> og fá upplýsingar um hvar viðkomandi er á kjörskrá.

Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

## Laus störf í Bláskógaskóla á Laugarvatni

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundarstarfi. Nemendur eru á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk og þar af eru 27 börn í leikskóladeild og 53 í grunnskóla-deild. Skólinn er Grænfána skóli og leggur áherslu á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti, fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, útikennslu og heilsuefingu. Uppeldisstefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“ og leikskóladeild vinnur út frá kenningum um „Flæði“.

### Umsjónarkennari í 100% stöðu:

Kennarar í grunnskóladeild starfa eftir starfslýsingu grunnskólakennara.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu.
- Góð færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.



Fáist ekki kennari er möguleiki að ráða leiðbeinanda tímabundið.

### Stuðningsfulltrúi í 75-100 % stöðu:

Starfsmaður vinnur eftir starfslýsingu stuðningsfulltrúa.

### Matráður í 60-100 % stöðu:

Starfsmaður vinnur eftir starfslýsingu matráðs.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.



Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð. Störfin henta einstaklingum óháð kyni. Ráðið er til starfa frá og með 1. ágúst 2024. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari.

Nánari upplýsingar gefur Íris Anna Steinarrsdóttir skólustjóri í síma 480-3030. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólustjóra á netfangið [irisanna@blaskogaskoli.is](mailto:irisanna@blaskogaskoli.is). Umsóknarfrestur er til 17. maí 2024.

## Umhverfisvitund unga fólksins og geta til aðgerða

### Umhverfisáskorun til 3. bekkja á Suðurlandi

Það er margt sem huga þarf að í skólastarfi með unga fólki nútímans. Það er sagt að tímarnir breytist og mennirnir með en vandinn er sá að við sem störfum að menntamálum þurfum stöðugt að vera leggja mat á það hvað sé best að kenna æskunni til þess að undirbúa þau fyrir þeirra framtíð, framtíð sem við höfum takmarkaða þekkingu á. Eitt af því sem að við vitum um framtíðina er að við eigum aðeins eina plánetu. Sir Ken Robinson benti á að við höfum engan annan staða til að fara á og ef að við nýtum sköpunarkraft okkar vel þurfum við ekki að fara neitt annað. Ef við pössum upp á plánetuna okkar og hvort annað, þá er allt sem við þörfumst einmitt hér. Þess vegna er menntun til sjálfbærni og umhverfisvitund unga fólksins okkur ofarlega í huga.

### Margar hendur vinna létt verk

Í 3. bekk í Sunnulækjarskóla höfum við verið að vinna með sjálfbærni og tókum til að mynda virkan þátt í Stóra plokkeginum sem var haldin hátíðlegur um þarsíðustu helgi. Nemendur voru áhugasamir og vilja hvetja aðra krakka á okkar landshluta til þess að láta til sín taka. Þessi stutta grein er hugsuð sem hvatningarpóstur fyrir alla sem telja sig geta lagt náttúrunni lið. Við í 3. bekk í Sunnulækjarskóla viljum koma af stað umhverfisáskorun í samstarfi við Dagskrána til þess að vekja athygli á því hvað margar hendur geta unnið létt verk, margt smátt gerir eitt stórt og að við höfum getu til að gerða. Við skorum á 3. bekkina í öðrum skólum á Suðurlandi að segja frá því sem þau hafa verið að gera í vetur tengt sjálfbærni og umhverfinu okkar og senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).

Selma Harðardóttir,  
umsjónarkennari í  
Sunnulækjarskóla



Eva Lind, Heiðrún Inga og Eivör Karítas lögðu sitt af mörkum og tóku að sér að plokka á skólalóðinni í stað þess að leika frjálst. Á 30 mínútum tókst þeim að plokka heilan helling.

## Blómstrandi list í Hveragerði

Heimilisfólk Dvalar – og hjúkrunarheimilisins Áss í Hveragerði stendur fyrir myndlistarsýningu sem verður haldin miðvikudaginn 8. maí kl. 13:30 í bókasafninu í Hveragerði.

Í húsnæði iðju- og félagsstarfs í Ásbyrgi er lítil notaleg listarsmiðja sem var tekin í notkun haustið 2023. Síðan þá hefur listin blómstrað og ótal margar fallegar myndir litið dagsins ljós.

Eygló Antonsdóttir tómtunda- og félagsmálafræðingur,

myndlistarmaður og starfsmaður í iðju- og félagsstarfi á Ási hefur haldið utan um listasmíðjuna og á heidurinn að hugmyndinni og skipulagningu sýningarinnar.

Við undirbúning á sýningunni kom í ljós að í Ási er einnig skapandi starfsfólk og því var tilvalið að halda samsýningu.

Heimilisfólki þótti tækifærið kjörið til að minnka soun og endurnýtir því ramma sem setur skemmtilegan brag á sýninguna.



# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi skipulagslýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi auk tillögu nýrrar deiliskipulagsáætlunar:

### 1. Reykir L166491; Breytt landnotkun, skógrækt í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2311057

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. desember 2023 að kynna skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar er varðar hluta skógræktarsvæðis í landi Reykja L166491. Í breytingunni felst að hluti skógræktarsvæðis breytist í frístundasvæði.

### 2. Hrafnabjörg L194595; Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting - 2212038

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. maí 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til lands Hrafnabjarga, L194595. Aðalskipulagsbreytingin snýst um að lagfæra reit F20 og reiti SL8 þar sem þeir stangast á við gildandi skógræktaráætlun frá árinu 2016. Frístundasvæðið verður fært út af skógræktarsvæðum og upp í holtið þar sem ræktunarskilyrði eru lakari með tilliti til skógræktar. Jafnframt verður lagt mat á það hvort landbúnaðarland sem liggur nyrst í landareigninni henti fremur til skógræktar en frístundabyggðar í samræmi við sjónarmið sveitarstjórnar. Breytingin er jafnframt falin í því að breyta landbúnaðarsvæði í frístundasvæði og frístundasvæði í skógræktarsvæði. Frístundasvæðið F20 (39 ha) nær yfir hluta af landi Hrafnabjarga (14 ha) ásamt Álfabrekku (25 ha). Frístundasvæði innan Hrafnabjarga er óbyggt og ekkert deiliskipulag fyrir hendi. Lýsing þessi gildir bæði fyrir breytingu aðalskipulags sem og vegna nýs deiliskipulags Hrafnabjarga.

### 3. Efra-Apavatn ID L226190; Frístundalóðir og skógrækt; Deiliskipulag - 2404002

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. apríl 2024 að kynna tillögu nýs deiliskipulags vegna lands Efra-Apavatns ID L226190. Um er að ræða skilgreiningu frístundalóða og byggingarheimilda innan frístundasvæðis F21. Samtals er gert ráð fyrir 8 lóðum á svæðinu. Á hverri lóð er gert ráð fyrir heimildum fyrir frístundahús, gestahús/ aukahús allt að 40 fm og geymsluhús að 15 m<sup>2</sup> innan hámarks nýtingarhlutfalls 0,03.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlana:

### 4. Vestur-Meðalholt L165513; Ný íbúðarbyggð í dreifbýli; Aðalskipulagsbreyting - 2302029

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar er varðar Vestur-Meðalholt í Flóahreppi. Í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúðarlóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúmum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallerý eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

### 5. Bitra land L200842; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2302064

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bitru lands L200842 í Flóahreppi. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að 30 ha af svæðinu verði skilgreindir sem landbúnaðarsvæði og um 13 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er að fjölga íbúum sveitarfélagsins og þar með nýta betur þá þjónustu og innviði sem fyrir eru s.s. vegakerfi og veitur. Einnig að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli á stórum lóðum með möguleika á aðstöðu fyrir t.d. hesta, trjárækt o.þ.h. Þá sé markmiðið með verslunar- og þjónustulóðum að auka kosti í þjónustu og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Á staðnum verði miðað að því að þar verði hægt að taka á móti stærri hópum í einu en skortur sé á slíkri aðstöðu í sveitarfélaginu. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og breytinga:

### 6. Vestur-Meðalholt L165513; Íbúðarbyggð; Deiliskipulag - 2311079

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til nýs íbúðarsvæðis í landi Vestur-Meðalholt í Flóahreppi. Skipulagssvæðið er staðsett suðaustan við Selfoss, milli Gaulverjabæjarveggar og íbúðarbyggðar í Rima, og er um 20 ha að stærð. Aðkoma er um nýja veltengingu frá Öndurholtsvegi. Á skipulagssvæðinu eru afmarkaðar 17 lóðir. Stærð lóða er frá 7.499 m<sup>2</sup>

til 21.938 m<sup>2</sup> og er nýtingarhlutfall lóða skilgreind að hámarki 0,05. Byggingarreitir innan skipulagsins eru merktir B1-B2-B3 og gilda mismunandi heimildir innan þeirra. Innan lóða er almennt heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk þess sem heimildir eru fyrir skemmu og gripahúsi.

### 7. Ás 166710; Ný íbúðarhúsaloð; Ás 2; Deiliskipulag - 2403063

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. apríl 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til skilgreiningar á lóð og byggingarreit ásamt byggingarheimildum fyrir 15.457 fm íbúðarlóðar úr jörðinni Ás í Hrunamannahreppi. Innan lóðar verði gert ráð fyrir uppbyggingu einbýlishúss ásamt bílskúr auk gestahúss.

### 8. Dvergabakki L165303; Dvergabakki A; Ný lóð; Reisa 6 smáhýsi; Deiliskipulag - 2403006

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. apríl 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Dvergabakka L1653030 í Ásahreppi. Í skipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir gestahús innan jarðarinnar.

### 9. Bitra land L200842; Landbúnaðarlóðir; Hótel og smáhýsi; Deiliskipulag - 2307047

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Bitru lands L200842 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á fjórum landbúnaðarlóðum og fjórum verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s. gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Enn fremur er gert ráð fyrir um 30 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gist allt að 120 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

### 10. Lækjarás L206942; Ný íbúðarhúsaloð; Deiliskipulagsbreyting - 2403056

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. apríl 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar er varðar Lækjarás L206942. Í breytingunni felst skilgreining nýs byggingarreits og lóðar innan lóðar Lækjaráss L206942.

### 11. Brúarhlöð L234128; Uppbygging ferðamannaádstöðu; Deiliskipulag - 2404027

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. apríl 2024 tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lands Brúarhlaða L234128. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir uppbyggingu ferðamannaádstöðu. Skipulagið tekur til um 2,5 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð. Helstu markmið deiliskipulagsins eru að unnið sé heildarskipulag fyrir móttöku ferðamanna á svæðinu sem tekur til bílastæðis, göngustígs með áningarstöðum, útsýnispalla og þjónustuhúss þar sem verður m.a. veitinga- og snyrtiaðstaða. Settir eru fram byggingarskilmálar um uppbyggingu á svæðinu sem tekur tillit til sérstöðu svæðisins og náttúruvafars. Með skipulaginu er dregið úr líkum á umhverfisspjöllum vegna ágangs gesta. Svæðið verði betur varið gagnvart álagi á gróðurþekju og náttúru- og menningarmínjar. Með skilgreiningu umferðarleiða verði umferð gangandi fólks á öruggum og afmörkuðum göngustígum sem bjóða upp á gott aðgengi og falllegt útsýni yfir svæðið þar sem miðlað verður upplýsingum til gesta um sögu þess. Auk þess er gert ráð fyrir því að skipulagið stuðli að því að gestir geti notið kyrrðar og áhrifa svæðisins. Sérstök áhersla verður á að mannvirki falli vel að landslagi og ásynd svæðisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](#) og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna [www.asahreppur.is](#) [www.blaskogabyggd.is](#), [https://www.floahreppur.is/](#), [https://www.fludir.is/](#) og [https://www.skeidgnup.is/](#)

Mál 1 - 3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 8. maí 2024 með athugasemdafresti til og með 29. maí 2024.

Mál 4 - 11 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 8. maí 2024 með athugasemdafrest til og með 21. júní 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](#). Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vígús Þór Hróbjartsson  
Skipulagsfulltrúi UTU

# Hugræn endurforritun

Þær Guðbjört Einarsdóttir, Þjarnan kölluð Birta og Ragnheiður Kristín Björnsdóttir hafa báðar stundað nám í Dáleiðslu við Dáleiðsluskóla Íslands og bjóða Sunnlendingum og fleirum upp á meðferð sem kallast hugræn endurforritun. Í tilefni Dáleiðsludagsins þann 11. maí verður opið hús í sal Krabbameinsfélags Árnes-sýslu á Selfossi þar sem öllum er velkomið að koma, spjalla, fá sér kaffisopa og forvitnast um hvernig störf dáiðara fara fram, auk þess að boðið verður upp á hóp dáleiðslu.

Ragnheiður ólst upp í Hveragerði og flutti á Selfoss árið 1982, þá 18 ára gömul þar sem hún settist að með Elís sem síðar varð eiginmaður hennar og eiga þau saman þrjú börn og þrjú barnabörn. Ragnheiður er hjúkrunarfræðingur og fjölskyldufræðingur að mennt og hefur sérhæft sig í parameðferð dr. Susan M. Johnson og lokið tveimur gráðum í áfallafræðum TRM og er með viðbótardiplóma í opinberri stjórnsýslu á heilbrigðisviði og í heilsugæsluhjúkrun ásamt fjölda námskeiða og í dag er hún í hlutastarfi við Geðheilsuteymi HSU ásamt því að reka meðferðarstofuna Sjálfsmildi ásamt kollega sem einnig er klínískur dáleiðari. Birta er fædd og uppalin austur á Fljótsdalshéraði, hefur búið þar lengst af og rak þar verslun í 30 ár. Hún lærði úr- og silfursmíði og vann við það í verslun sinni. Fyrir 12 árum þótti henni tími til kominn

til að breyta til, seldi verslunina og lærði höfuðbeina og spjaldhryggsgjöfnun, Craniosacral Therapy.

„Mér þótti mjög áhugavert hvernig höfuðbeina og spjaldhryggsgjöfnun vinnur í fólki á heildrænan hátt og þá fór ég sjálf í fyrrilífs dáleiðslu sem var eitthvað alveg nýtt fyrir mér og opnaði áhuga minn á Dáleiðslunni sem meðferðarformi. Ég fór í kjölfarið í Dáleiðsluskóla Íslands og lærði dáleiðslu og í beinu frammhaldi Hugræna endurforritun sem er stórkostlegt meðferðarform til að hjálpa fólki sem hefur allskonar vanlíðan, kvíða og áföll sem það hefur gengið í gegnum í lífi sínu, en það er hægt að vinna með nánast allt í dáleiðslunni.“ segir Birta

## „Dýpsta slökun sem þú kemst í“

„Það að aðstoða fólk til sjálfshjálpar og hjálpa því að virkja bjargráðin sín og sýna sér sjálfsmildi er mér ofarlega í huga. Dáleiðslan fannst mér áhugavert meðferðarform sem hefur sannað gildi sitt og er góð viðbót við samtalsmeðferðina. Ég hef þá trú að við sem manneskjur getum svo miklu meira sjálf en við gerum okkur oft grein fyrir til þess að bæta líðan og búum jafnvel yfir mun meiri hæfni og bjargráðum en við nýtum okkur. Oft vantar okkur verkfærin og dáleiðslan er eitt af þessum dásamlegu verkfærum sem getur bætt líðan. Dáleiðsla er einhver dýpsta slökun sem þú kemst



Guðbjörg Einarsdóttir (Birta) og Ragnheiður Kristín Björnsdóttir. Ljósmynd: Dagskráin/HGL

í hún sefar og róar og hjálpar m.a. til við úrvinnslu erfiðra upplifana og áfalla. Dáleiðslu meðferð er m.a. þekkt fyrir að hjálpa fólki að hætta ð reykinga að losna við fóbúur, kvíða, losna við sykurlöngun, dregur úr eða losa fólk við íþyngjandi tilfinningar tengt minningum, draga úr sjálfsgagnrýni svo eitthvað sé nefnt,“ bætir Ragnheiður við.

## „Ekkert í líkingu við sviðsdáleiðslu“

„Dáleiðsla er alltaf sjálfsdáleiðsla og ef fólk er tilbúið að nota hana sem hjálparform til að vinna með sig og losa sig

við vanlíðan þá dáleiðist þú og ferð inn í innri vinnu í huganum. Það er þekkt og vitað að áföll og óþægilegir atburðir sem við lendum í, festast í huganum og eru sífellt að gera vart við sig þar sem veldur svo stöðugri vanlíðan og kvíða, í dáleiðslunni erum við leiðsögumenn sem leiðbeinum þér til að losa þig við það sem veldur vanlíðan og ótta. Hugræn endurforritun er heilsteipt prógramm sem Ingibergur Þorkellsson skólastjóri Dáleiðsluskóla Íslands hefur sett samið úr öllum helstu og mest notuðu aðferðum dáleiðslunnar í gegnum tíðina, og það gagnast til að vinna með það sem kemur upp í dáleiðslunni á hugræna og tilfinningasviði okkar. Dáleiðsla getur gagnast öllum sem hafa vilja til að vinna með sig og geta slakað á og treyst því að það sé sjálft við stjórnvölinn. Mýtur um að það sé nóg að horfa í augun á okkur og við náum einskonar valdi yfir fólki er bara spaug og þetta er ekkert í líkingu við sviðsdáleiðslu þar sem fólk er fengið til að láta eins og kjánar. Við vinum ekki á þeim nótum,“ segir Birta.

## Aðstoð við að tengjast eigin styrk

„Hver kannast ekki við neikvæðar og niðurbrjótdandi hugsanir sem koma óboðnar og óvænt upp í hugann? Stundum eru þetta það sem við köllum í dáleiðslunni „afrit“. Stundum hefur foreldri, kennari, samnemendur eða samferðafólk sagt eitthvað við okkur af ónærgætni eða til að meiða t.d. í barnæsku. Þegar svo þessu linnir þá erum við jafnvel farin að trúá því að við séum svona ómöguleg og sjálfsmýndin hefur jafnvel mótast samkvæmt þessum upplýsingum. Ef eitthvað hefur verið sagt nógu oft eða nógu lengi við okkur þá má segja að það geti orðið til afrit af því sem sagt var við okkur og svo heldur ofbeldið áfram þegar þessar neikvæðu

raddir fara í gang. Dáleiðarinn aðstoðar dáleiðsluþegann við að komast í djúpa slökun með dáleiðsluinnleiðingu og við það verður greiður aðgangur að undirvitundinni en henni má líkja við skalahirslu sem hefur vistað allar upplýsingar um viðkomandi frá upphafi. Dáleiðsluþeginn fær aðstoð við að tengjast sínum innri styrk/innsæi. Vinnan felst m.a. í að aðstoða dáleiðsluþegann við að losna við neikvæðar tilfinningar tengdar erfiðum minningum og áföllum. Einnig er unnið með fastar hamlandi tilfinningar sem hafa takmarkað getu einstaklinga til þess að blómstra, unnið með skömmina, þöggunina og áhrif áfalla á líkamann.

Ég vil taka það fram að einstaklingurinn þarf ekki að endurlifa þessar neikvæðu minningar. Hann getur farið beint í að eyða tilfinningunni sem tengist minningunni sem kemur upp. Að lokum eru persónuþættirnir sem hafa skipst á að vera viðkomandi skoðaðir. Við þekkjum öll að eiga okkur mismunandi hliðar að haga okkur mismunandi eftir aðstæðum. Í Hugrænni endurforritun köllum við þessar mismunandi hliðar persónuþætti. Er þá átt við að persónuleikinn sé ofinn mörgum þáttum, eins og kaðall. Sumum persónuþáttanna líður vel en öðrum illa og við hjálpum þeim persónuþáttum sem líður illa að skipta um hlutverk og að líða betur. Stundum búum við yfir þáttum eða eiginleikum sem ættu oftar að vera við stjórnina heldur en þáttur sem er síður til þess fallinn og þá þarf að hjálpa þeim þætti að komast að. Ég veit að fyrir suma hljómar þetta undarlega. Ég er sjálf gagnrýnin að eðlisfari en jafnframt forvitin og fróðleiksfús og þarf að prófa og sannfæraast sjálf um að eitthvað virki. Ég verð að segja að ég er bæði glöð og gáttuð á því hversu vel þessi aðferð er að virka,“ segir Ragnheiður að lokum. HGL

9. - 11. MAÍ  
**ECCO DAGAR**  
**20% AFSLÁTTUR**

**Sportbær**  
 SKÓBÚÐ SELFÓSS

## Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu 2024

Skráning er hafin í orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu sem verður á **Hótel Örk í Hveragerði dagana 22.-26. sept. 2024**. Mæting í Hveragerði 22. sept. eftir kl: 15.30.

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða veitt hafa heimili forstöðu án launa-greiðslna fyrir það starf. Áætlað er að fara eina dagsferð á meðan á dvöl stendur, ekki er endanlega búið að ákveða hvert farið verður en margt annað verður einnig í boði þessa daga. Ef konur luma á einhverju skemmtiefni eða gamanmálum er líka tilvalið að taka slíkt með, hafa gaman saman.

Bókanir óskast hið fyrsta enda mikil eftirspurn og eigi síðar en 1. júlí 2024. Þátttökugjald kr. 50.000 óskast greitt þegar þið fáið staðfestingu um að þið komist í orlofið, sem verður fjótlega eftir að skráningu lýkur. Heildargjald er óafturkræft nema um veikindi eða slys sé að ræða. Orlofið býður bara upp á standard herbergi sem er tveggja manna. Ef óskað er sérstaklega eftir að vera ein í herbergi þarf viðkomandi að greiða mismun á 1 manns og 2ja manna herbergi sem er kr. 3.150 á nótt x 4 nætur = 12.600 krónur samtals.

Ef óskað er eftir að vera í superior herbergi, verður viðkomandi að greiða sjálf mismuninn á því og standard herbergi til Hótel Arkar við komu. Nóttin í slíku tveggja manna herbergi er kr. 6.412 dýrari og x 4 nætur = 25.684 krónur samtals. Slíka ósk þarf að taka sérstaklega fram við pöntun því nefndin verður að panta herbergin þó þið greiðið síðan mismuninn.

**Bankaupplýsingar: 0325-13-300902, kennitala 590706-1590**  
**Geymið auglýsinguna vegna bankanúmers, þar sem ekki verður auglýst aftur.**

Móttaka bókana er hjá Þórunni Ragnarsdóttur sími 4875922 eða 8925923, netfang: thorunnreidholt@gmail.com.

*Orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu*

### Verslunarstjóri óskast.

Langar þig til að starfa í líflegu og skemmtilegu umhverfi í nýjum miðbæ Selfoss? Í fallegri lífstílsverslun Hlöðunnar sem selur vandaðan lífrænt vottaðan barna og kvenfatnað ásamt einstakri gjafavöru.

Ef svo er þá leitum við að jákvæðu og skapandi starfsfólki í eftirfarandi störf.

Um er að ræða fullt starf **verslunarstjóra sumarið 2024**.

Einnig er í boði framtíðar hlutastarf 2-3 daga í viku og annan hvern laugardag.

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2024 og skilast umsóknir á [hladan@hladan.is](mailto:hladan@hladan.is). Fullum trúnaði er heitið og verður öllum umsóknum svarað.

  
**HLAÐAN**

## Laugalandsskóli auglýsir eftirfarandi stöður við skólann lausar til umsóknar



*Umsjónarkennarar í 100% stöðu*  
*Íþróttakennara í 100% stöðu.*

*Þroskapjálfa, iðjupjálfa eða kennara í 70-100% stöðu í stoðteymi skólans.*

Viðkomandi þarf að vera skapandi í starfi og hafa áhuga á að þróa í samvinnu við starfsfólk framsækið og faglegt starf með áherslu á fjölbreyttar námsnálganir. Í Laugalandsskóla stunda um 100 nemendur nám. Einkunnarorð skólans eru *samvinna, traust og vellíðan í leik og starfi* og lögð er áhersla á sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð nemenda með sérstaka áherslu á félagsþroska í góðri samvinnu við foreldra.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf kennara eða sambærileg menntun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Góð íslenskukunnátta

### Matráður í skólamötuneyti í 100% stöðu

Laugalandsskóli óskar eftir matráð í 100% starfshlutfall. Viðkomandi þyrfti að geta byrjað sem fyrst. Matráður skólans undirbýr og matreiðir máltíðir í leik- og grunnskóla. Hann sér um að útbúinn sé hollur og fjölbreyttur matur fyrir nemendur og starfsfólk. Leitað er að metnaðarfullum, barngóðum og jákvæðum einstaklingi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Útbýr hádegisverð fyrir nemendur og starfsfólk leik og grunnskóla.
- Hefur umsjón með þrifum á matsal og í mötuneyti.
- Sér um innkaup á matvöru, áhöldum og tækjum í mötuneyti.
- Skipuleggur matseðla, allt að mánuð fram í tímann.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins og viðkomandi stéttarfélags. Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri í síma 8699010. **Umsóknarfrestur er til og með 17. maí** og skal senda umsóknir ásamt starfsferilskrá í tölvupósti á netfang skólastjóra; [jonas@laugaland.is](mailto:jonas@laugaland.is)



## ÞJÓNUSTA

**B.R. FLUTNINGAR**

**S. 662 1122**

**Daglegar ferðir**

SELFLOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

**KJARNABÓKHALD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri !**

**Hjá Maddy ehf.**

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

**Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

## FÉLAGSSTÖRF

**SKRIFSTOFA FEBSEL**

Lokað  
fimmtudaginn 9. maí

Fim. 9. maí  
**Uppstigningardagur**  
**Opið hús fellur niður**

**OPIÐ HÚS**

Fim. 16. maí kl. 14:45  
**Tónlistarfólkíð Zbigniew**  
**og Theresa skemmta**

## HEILSA

**Energy Touch**  
- Nudd  
- Heildræn meðhöndlun

**Jákvæðar hugsnir breyta deginum**

Ragnhildur Sigurðardóttir  
Sími 693 2197  
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttfræðum,  
nálastungur, yoga,  
NLP-master/coach,  
heilsunnudari,  
Hugræn atferlismeferð,  
meta medicine.

## FUNDIR

**Krabbameinsfélagið**

Opið mán kl. 11 til 15  
miðv. kl. 11 til 15  
föstud. kl. 11 til 14.  
sími 482 1022 / 788 0300

**AI-Anon Selfossi**

AI-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

**AI-Anon**

AI-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**

Polskie mitingi aa grupa krous.  
Poniedzialek i czwartek i sobota  
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800  
Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**

Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters anonymous alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,  
Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**

Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efr  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hafðu samband  
og fáðu tilboð í  
auglýsingar í blaðið  
og á vefinn.

Sími 482 1944  
auglysingar@dfs.is

## KIRKJA

**Selfosskirkja**

Uppskeruhátið 12 spora starfsins miðvikudaginn 8. maí kl. 20:00. Vitnisburðir, tónlist og bænir. Velkomin til stundarinnar og að kynna ykkar 12 spora starfið.

Uppstigningardagur 9. maí. Guðsþjónusta kl. 11:00 á degi aldraðra í kirkjunni. Hörpukórinn syngur, stjórnandi Stefán Þorleifsson, prestur Ása Björk Ólafsdóttir. Í heimsókn koma félagar úr starfi eldri borgara í Bessastaðasókn.

Sunnudagaskóli sunnudaginn 12. maí kl. 11:00. Umsjón Sjöfn, Dóra og Katrín.

Kvöldmessa sunnudaginn 12. maí kl. 20:00. Unglingakórinn syngur, Kirkjukór Selfosskirkju leiðir söng, organisti Edit A. Molár. Fram kemur einnig Helga Aðalheiður Jónsdóttir blokkflautuleikari. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

**Eyrarbakakirkja**

Fermingarmessa sunnudaginn 12. maí kl. 11:00. Kammerkór Eyrarbakakirkju syngur, organisti Pétur Nói Stefánsson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

**Skálholtsdómkirkja**

Uppstigningardagur, 9. maí kl. 14. Messa í samstarfi við félag eldri borgara í Biskupstungum. Aðalbjörg Stefania Helgadóttir sem nýverið hefur gefið út bókina Einmana - tengsl og tilgangur í heimi vaxandi einsemdar, mun flytja hugleiðingu í messunni. Prestsþjónusta Axel Á Njarðvík. Organisti Jón Bjarnason. Kaffi og vöffur í boði kirkjunnar eftir messuna. Verið velkomin.

Sunnudagurinn 12. maí. Messa kl. 11. Prestsþjónusta Axel Á Njarðvík. Organisti Jón Bjarnason. Verið velkomin.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi Austurvegi 40B**

Sunnudagar: Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar kl. 11:00. English translation available. Mánudagar: Bæn og lestur kl. 17. Miðvikudagar: Unglingasamkomur fyrir 13 ára og eldri kl. 20. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

## ÍÞRÓTTIR




## Grunnámsskeið í BJJ

11. til 12. maí

Laugardagur	Sunnudagur
10:00-12:00	10:00-12:00
12:30-13:40	12:30-13:40

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu stöður og hugtök í Brasílísku Jiu Jitsu með það að markmiði að veita nemendum grunnskilning á tækni íþróttinni.

**Skráning fer fram á berserkirbjj@gmail.com eða berserkirbjj.is.**



## Listamannaspjall í LÁ

Þann 9. maí nk. verður listamannaspjall í Listasafni Árnesinga klukkan 14:00.

Sigga Björg og Mikael Lind spjalla við Kristínu Scheving safnstjóra LÁ um verkið Hamflettur.

Myndbandsinnsetning Siggu Bjargar Sigurðardóttur og Mikael Lind, Hamflettur, er unnin sérstaklega fyrir sýninguna. Innsetningin samanstendur af 30 vídeóverkum og 30 hljóðverkum unnum fyrir 3 skjávarpa og 6 hátalara.

Sigga Björg vinnur jöfnum höndum að hlutbundnum og óhlutbundnum teikningum á pappír, ásamt því að mála og teikna beint á vegg. Hún hefur skapað fjölmörg myndbandsverk er byggja á stop-motion

tækni þar sem hver rammi hreyfimyndarinnar er handteiknaður. Á sýningunni má auk vídeóverkana sjá teikningarnar þrjátíu sem urðu til við gerð myndbandsverkanna og mætti líta á þær teikningar sem hreyfimyndir jafnvel þótt þær séu unnar með blýanti, penna og vatnslit á pappír. Teikningarnar eru unnar lag fyrir lag og teknar upp ramma fyrir ramma, eru því tengsl teikninganna við myndbandsverkin órjúfanleg.

Hljóðheimur myndbandsinnsetningarinnar er unninn af raftónlistarmanninum Mikael Lind en þau Sigga Björg hafa unnið saman að fjölda myndbandsverkefna á síðastliðnum árum. Mikael túlkar liti og hreyfingar myndefnisins með einstökum hljóðheimi sem ein-kennist af fjölbreyttum raftónlistarstílum. Hljóðverkin spanna allt frá ambient og musique concrete yfir í hreina techno tónlist. Hljóðheimur Mikael vinnur á áhrifaríkan hátt að því að opna fyrir og skapa rými innan heildarverksins. Í verkum Siggu Bjargar mætast hlutbundnar línuteikningar, litríkir heimar og hliðarheimar, sem gefa til kynna að skynjunarviddirnar séu fleiri en fimm og veita innsýn í magík og möguleika okkar til að vefa saman flóknari raunveruleika-mynstur en við könnumst sjálf við í daglegu lífi okkar, og þræða okkur þannig eftir ófyrirsjáanlegum leiðum inn í framtíðina.

Aðgangur að listamannaspjallinu er ókeypis og öll velkomin.

## HEILSA

## Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót vandamála líkamlegra sem andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar m.a. til að sjá líða atburði og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst þú í fyrra lífi?

Einkatímar, en einnig er hægt að bóka fyrir hópa í heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf, nudd og svæðanudd.

**Bókanir á heilsulindheidars@simnet.is eða í síma 898 1501 (SMS)**

Heiðar Ragnarsson

## Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Þorláks- og Hjallasóknar á árinu 2024 verður haldinn í Þorláskirkju fimmtudaginn 23. maí og hefst hann kl. 20:00.

## Dagskrá fundarins:

1. Setning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla sóknarnefndarformanns um liðið starfsár
4. Lagðir fram til afgreiðslu ársreikningar sóknar og kirkjugarða fyrir sl. ár ásamt fjárhagsáætlun þessa árs
5. Greint frá starfssemi héraðsnefndar og héraðsfundar
6. Kosningar
7. Önnur mál

Kaffiveitingar í safnaðarsal.

Sóknarnefnd Þorláks- og Hjallasóknar

# Mölunarverksmiðja og hagsmunir íbúa

Framtíðaráform Heidelberg um tröllvaxna mölunarverksmiðju í túnfæti Þorlákshafnar liggur í höndum íbúa sem kjósa um verkefnið samhliða forsetakosningum 1. júní n.k. og utan- kjörfundar frá 18. maí. Þar fá íbúar tækifæri til að hafa mótandi áhrif á framtíð okkar og komandi kynslóða. Íbúafundur hafa verið haldnir á vegum fyrirtækisins þar sem það kynnir einhliða sínar forsendur en lítill umræða hefur farið fram um hagsmuni íbúa Ölfuss. Hér viljum við fara yfir nokkur atriði sem snúa að íbúum, eins og þau birtast okkur í þeim gögnum sem liggja fyrir.

Í upphafi er áhugavert að skoða aðferð sem kallast The Door in the Face Technique. Hún vísar til þess þegar fólk er beðið um að samþykkja beiðni sem er svo óraunhæf og stór að flestir myndu hafna henni. Þá er lögð fram önnur beiðni, heldur smærri, sem virðist mun sanngjarnari í samanburði við þá fyrri. Fólk er líklegra til að samþykkja þessa smærri beiðni hafandi hafnað þeirri fyrri, beiðni sem það hefði ekki endilega samþykkt hefði hún verið lögð fram upprunalega. Því má spyrja sig, ef fyrri kostur Heidelberg hefði aldrei verið borinn á borð, myndi fólk upplifa seinni valmöguleikann á sama hátt?

## Nálægðin við Þorlákshöfn

Nálægðin á milli mögulegrar lóðar Heidelberg og að nýju byggðinni vestast í Þorlákshöfn er aðeins um 2,5 km. Nálægðin við Búðahverfi og Bergin er um 3 km. Í umræðunni heyrir að skilningur margra sé að verk-smiðjan verði 5 km frá byggð, sem er rangt. Vísad hefur verið til þess að hún sé 5 km frá hafnarsvæðinu en það sem snertir hag íbúa er auðvitað nálægð verksmiðjunnar við íbúabyggð. Hið rétta er að hún er í um það bil 2,5 km frá íbúabyggð í nýja hverfinu sem verið er að byggja upp, þar sem nýr leikskóli mun rísa, meðal annars.

Í greinargerð Heidelberg er sagt frá því að hámarkshæð bygginga sé 52 metrar og í umhverfismatsskýrslu kemur fram að sílóin verði 18 talsins, hvert

og eitt 200 fm, en í greinargerð er reiknað með að þau verði 10 talsins. Á meðfylgjandi mynd eru 52 metrar sýndir í hlutföllum við Hallgrímskirkju sem er 74,5 metra há. Hvernig væri ásýnd sveitarfélagsins og í bænum Þorlákshöfn ef tíu tvö hundruð fermetra síló sem eru 70% af hæð Hallgrímskirkju standa í tæplega 3 km fjarlægð frá íbúabyggð?

## Er verið að gefa afslátt af öryggi?

Umsögn Vegagerðarinnar við fyrirætlanir um stórfellda námuvinnslu í Litla-Sandfelli er afdráttarlaus og segir m.a.: „Ekki er unnt að hefja stórfellda efnisflutninga úr Litla-Sandfelli um núverandi veg til Þorlákshafnar“. Engu að síður er meirihlutinn í Ölfusi búinn að samþykkja að heimila þessa stórfelldu efnisflutninga úr Litla-Sandfelli með breytingu á deili- og aðalskipulagi.

Fulltrúi Heidelberg svarar umsögn Vegagerðarinnar á þessa leið: „Þegar reynsla kemst á efnisflutninga, verður skoðað með Vegagerðinni og sveitarfélagi hvort huga þurfi að breyttum efnisflutningum.“ Við viljum leggja hér fram sömu spurningar og fulltrúar H og B lista spurðu á bæjarstjórnarfundum: Hvaða reynsla er verið að vísa í að þurfi að eiga sér stað? Á að bíða eftir því að það verði x mörg slys til að átta sig á því að efnisflutningar eiga ekki rétt á sér við núverandi ástand? Og hversu mörg slys er þá verið að miða við? Hver er ásættanlegur fórnarkostnaður þess að moka niður heilu fjalli og keyra því til Þorlákshafnar á vegum sem nú þegar liggur fyrir að munu ekki þola þessa þungaflutninga?

Bæjarstjórn samþykkti fimm skilyrði sem Heidelberg þurfti að uppfylla, þar sem segir í þriðja lið: „Ekki kemur til greina að efni, allt að 3 milljónum tonna, verði flutt frá námum eftir almenna þjóðvegakerfinu eins og það er núna. Finna þarf aðrar leiðir svo sem blöndu af námuegum og færðiböndum“.

Nú lítur ekki út fyrir að standa eigi við þetta skilyrði. Mögulega vegna þess að hluti af jarðefninu

á nú að koma frá hafsbotni, en mikilvægt er að taka það fram hér, að ekki liggur fyrir samþykki um að svo verði. Umhverfismatsskýrslan um þann hluta verkefnisins liggur inn á skipulagsgátt með opið fyrir umsagnir til 16. maí, svo ólíklegt er að niðurstaða um námuvinnslu á hafsbotni liggi fyrir áður en gengið er til kosninga.

## Námuvinnsla á hafsbotni mikilvægs hrygningarsvæðis


Í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um fisksamfélög á því svæði sem fyrirhuguð námuvinnsla á hafsbotni á að fara fram kemur ýmislegt áhugavert fram. Sem dæmi má nefna að svæðið er innan mikilvægs hrygningarsvæðis margra nytjafiska, þar með talið loðnu og þorsks sem eru verðmætustu nytjastofnar Íslandsmiða. Að auki er þetta mikilvægt uppeldissvæði fyrir fjölmargar fisktegundir, en svæðið er sérstaklega mikilvægt fyrir ýsu og sandkola síðla sumars og fram á haust. Í viðtali við dr. Guðrúnu Marteinsdóttur fiskifræðing frá 2012 segir hún að umrætt svæði, Selvogsbanki, hýsir eiginlega alla fiskistofna okkar: „Þeir koma nær allir þangað inn til hrygningar. Kannski er þetta verðmætasta svæðið á Íslandi“ sagði dr. Guðrún.

Efnistaka af sjávarbotni hefur aukist mikið á heimsvísu síðastliðna áratugi, með slæmum afleiðingum þar sem hún hefur verið óhófleg, en fyrirhuguð efnistaka Heidelberg er 75 milljónir rúmmetra á 30 árum. Rannsóknir á umhverfisáhrifum eru af skornum skammti og óljóst hvort eða hversu mikil áhrif fyrirhuguð efnistaka myndi hafa á samfélag fiska á svæðinu. Erlendar rannsóknir sem vísað er í í áður nefndri skýrslu benda á að töluvert rask geti orðið á umhverfi og lífríki. Skýrsluhöfundar benda á að ýmsum spurningum um áhrif efnistöku er ósvarað, bæði til lengri og skemmri tíma, og á mismunandi árstímum, sérstaklega á hrygningartíma margra fisktegunda.

Þá eru einnig líkur á því að námuvinnsla á hafsbotni hafi áhrif á fuglalíf á svæðinu. Margar tegundir fiska hrygna á Selvogsbanka og sumar þeirra beint á sandbotni eins og sandsíli. Sandsíli er lykiltegund í vistkerfi Selvogsbanka og mikilvægasta fæða flestra sjófugla tegunda þar.

## Jákvæð áhrif á loftslagið eða grænþvottur?

Rökin fyrir því að moka niður heilu fjalli, stunda námuvinnslu á hafsbotni, mala efnið í Þorlákshöfn og flytja til Evrópu með skipum eru þau að verkefnið sé umhverfisvænt. Framkvæmdaðili hyggst draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar steinsteypu



með því að draga úr notkun á sementsklinkers. Eins og Landvernd bendir á í umsögn sinni um verkefnið er í dag dregið úr notkun á sementsklinkers með því að nota kolaösku frá kolaorkuverum og þrátt fyrir hin gríðarlegu neikvæðu áhrif frá kolaorkuverum er þessi úrgangur frá þeim, þ.e. kolaaska sem íblöndunarefni, langt í frá fullnýttur. Alhæfingin um þennan loftslagsávinning virðist ekki standast skoðun því meira en nóg verður til af kolaösku næstu áratuginna. Staðreyndin er sú að minna en 10% af þeirri kolaösku sem framleidd er í dag er nýtt til íblöndunar sements. Þrátt fyrir að rétt sé að Þýskaland og fleiri lönd í Evrópu stefni á að brenna engum kolum árið 2040 þá skal því haldið til haga að 6 lönd í Evrópu hafa ekki enn sett sér markmið um lokun á kolaverum og þá eru önnur lönd og heimsálfur ótalin. Kolaaska verður því áfram til staðar á markaðnum í miklu magni. Það getur því ekki talist loftslagsvæn aðgerð að ráðast í slíka og stórtæka efnisflutninga yfir hafið með þá staðreynd að íblöndunarefni eru þegar til staðar og það margfalt nær væntanlegum kaupendum á meginlandi Evrópu en hin íslensku fjöll.

## Stoltir íbúar Ölfuss hafa val um hvar skal sækja fram


Íbúum hefur fjölgað mikið síðasta áratuginn í Ölfusi og sömuleiðis hefur tækifærum í atvinnuvegi farið fjölgandi. Höfnin stendur vel og fyrir-

hugaðar fjárfestingar skipta hundruðum milljarða á næstu 5-7 árum. Sveitarfélagið er með verðug markmið um að sækja fram í umhverfisvænum matvælaíðnaði þar sem af nógu er að taka og fyrirséð að störfum fjölgar svo um munar á komandi misserum. Hótel eru ýmist að rísa eða í undirbúningi og nýsköpun og ferðapjónusta blómstrar. Grænir iðngarðar eru á teiknaborðinu og var stórt skref tekið í þeim undirbúningi þegar starfsmaður var ráðinn til að koma þeim á fót.

Þegar þetta er talið upp er ljóst að liðinn er sá tími sem íbúar í Þorlákshöfn voru tilbúnir að taka hverju sem er, enda var atvinnuvegur ekki eins fjölbreyttur fyrstu áratuginna í sögu þorpsins. Nú er öldin önnur og við íbúarnir getum stolt haft skoðun á því hvernig atvinnuuppbyggingu við viljum sjá í samfélaginu okkar. Hvernig framtíð viljum við skilja eftir fyrir komandi kynslóðir? Hver viljum við að saga okkar verði, sem nú fáum tækifæri til að hafa áhrif á framtíðina?

Við viljum hvetja alla íbúa í Ölfusi til að kynna sér málið og nýta tækifærið til að hafa áhrif á framtíð sveitarfélagsins.

Ása Berglind Hjálmarasdóttir (H)  
Berglind Friðriksdóttir (H)  
Böðvar Guðbjörn Jónsson (H)  
Gunnsteinn R. Ómarsson (B)  
Hrafnhildur H. Hjartardóttir (B)  
Hrafnhildur L. Harðardóttir (H)  
Hrönn Guðmundsdóttir (B)  
Sigfús Benóný Harðarson (H)





Nýja svæði Umf. Selfoss í Bolaöldu. Ljósmynd: UMFS

## Mótcrossdeild UMFS færirst á nýtt svæði í Bolaöldu

Sveitarfélagið Árborg og Mótcrossdeild Umf. Selfoss hafa gert samkomulag um að æfinga- og keppnisaðstaða deildarinnar færirst á nýtt svæði í Bolaöldu þegar nýr Suðurlandsvegur fer yfir núverandi aðstöðu í Hellislandi.

Frá árinu 2001 hefur verið æfinga- og keppnisaðstaða fyrir mótcross í hluta af Hellislandi, oft nefnd Hrísmýri á Selfossi. Frá þeim tíma hefur aðstaðan byggst upp að mestu í sjálfboðavinnu félagsmanna í góðu samstarfi við sveitarfélagið.

Í samningnum um aðstöðuna hefur þó verið kveðið á um að svæðið væri vikjandi þegar kæmi að lagningu nýs Suðurlandsvegur að nýrri brú yfir Ölfusá, sem væri fyrirhugað, en ekki vitað hvenær yrði af. Því gæti svæðið ekki orðið þarna til allrar framtíðar. Mótcrossdeild Umf. Selfoss hefur þó á þessum árum byggt upp frábæra aðstöðu og varð svæðið eitt af betri mótcrosssvæðum landsins.

Það hefur legið fyrir síðustu tíu árin að bygging nýrrar brúar yfir Ölfusá væri væntanleg og því hófst samtal milli deildarinnar og sveitarfélagsins árið

2013 um að finna nýja framtíðaraðstöðu innan sveitarfélagsins. Þrátt fyrir að ýmsir möguleikar hafi verið skoðaðir og margar hugmyndir komið fram hefur ekkert svæði fundist sem ljóst er að hægt væri að byggja upp til framtíðar í ört stækkanandi sveitarfélagi. Það hefur því verið sameiginlegur skilningur fulltrúa deildarinnar og sveitarfélagsins að horfa þurfi til allra möguleika til að starfsemin geti haldið áfram.

Í þessari stöðu er stjórn Mótcrossdeildar Selfoss, ekki margir valkostir í boði. Leggja niður starfsemina, semja við aðra klúbba um aðstöðu eða finna annað svæði utan sveitarfélagsins.

Stjórn deildarinnar hefur fengið afnot af aðstöðu hjá Vélhjólaíþróttaklúbbnum í Bolaöldu. Þar fær deildin eigin braut til afnota ásamt afnotum að öllu svæðinu. Allt svo til, tilbúið til að hefja starfið af krafti strax, eftir flutninga á aðstöðuhúsi og eignum deildarinnar af núverandi svæði á Selfossi, í Bolaöldu.

Mikill ávinningur er af þessum flutningum, í þeirri stöðu

sem deildin er, en æfingatímabilið lengist til muna og skipulagðar æfingar verða frá miðjum maí, fram í miðjan september. Ásamt því að fá tilbúna braut, fæst aðgangur að beygjubraut og fleiru á svæðinu. Loksins verður hægt að bjóða uppá enduro námskeið og aðgangur fæst að stærsta endurosvæði landsins.

Hægt verður að samnýta þjálfara og þjálfun, lengja hjólatímabilið og vonandi í framtíðinni farið að hjóla innanhúss. En komið er leyfi fyrir að byggja 6.000 fm æfingaaðstöðu, innanhúss á svæðinu.

Þrátt fyrir þetta allt er Mótcrossdeild Umf. Selfoss og Sveitarfélagið Árborg sammála um að leita áfram að framtíðarstað fyrir starfsemina í sveitarfélaginu, sem gæti komi til við skipulagsbreytingar, sameiningar sveitarfélaga eða af öðrum ástæðum.

En það sem skiptir öllu máli er að starfsemi deildarinnar er tryggð og hægt að halda áfram því þróttmikla starfi sem deildin hefur staðið fyrir og hefur skilað mörgum afreksmönnum á landsvísu.

UMFS

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

**PÚLSINN**  
Raf & kæliþjónusta  
Kæli & Frystikerfi  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn  
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**LAGNIR**  
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR  
Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**HSH**  
Þrif og flutningar ehf  
Breiðumýri 3 Selfossi  
Hefur opnað þvottahús,  
Þvottur- og leiga á líni-,  
ræstingar, þrif og  
flutningarþjónusta  
Uppl. í síma 792-1727 eða  
hshflutningar@gmail.com

**Pípulagnir Júlla**  
Persónuleg þjónusta  
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir  
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

BRACN AF  
VINÁTTU!  
Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

**ÖKULAND**  
Meirapróf  
Endurmenntun  
Akstursþjálfun  
okuland.is

**VÉLSMÍÐJA  
SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmiði  
Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bíluúðskipti  
**Bilverk BA**  
Þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Við prentum ljósmyndir  
[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)  
SENDUM  
HVERT Á LAND  
SEM ER  
Pantað ljósmyndaprentun  
í öllum algengustu  
ljósmyndastærðunum.  
**prentmet**  
hældarláusnir í prentun

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS  
Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnafóðrun  
Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Lagnþjónustan ehf**  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**NÝTT**  
Vinnuvélanámskeið  
á netinu!  
[www.vinnuvelaskolin.is](http://www.vinnuvelaskolin.is)